

Þar sem ekki eru í gjaldskrá þessari ákveðnir fastir gjalddagar, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

13. gr.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar gengið hefur verið frá farmskrá.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Skipstjóra og afgreiðslumanni er óheimilt að afhenda vörurnar, uns gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum eða andvirði þeirra uns gjaldið er greitt.

14. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 12. gr. hafnalaga. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum. Dráttarvextir 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð reiknast 2 mánuðum eftir gjalddaga.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 25. apríl 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Hafnarsjóð Akureyrar.

I. KAFLI

Um hafnargjöld á Akureyri.

1. gr.

Við útreikning hafnargjalda af skipum skal alltaf talið í heilum rúmlestum, en sleppa brotum. Rúmlestatala skips reiknast eins og hús er mest skráð á mælibréf skips.

2. gr.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Undanþegin lestagjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Lestagjöld.**3. gr.**

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 6.00 á brúttórúmllest.
 - b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 3.00 á brúttórúmllest.
 - c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 6.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
 - d. Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 400.00 á brúttórúmllest þó aldrei minna en kr. 2000.00.
- Gjalddagi er 1. apríl.

Bryggjugjöld.**4. gr.**

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 3.00 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip og flóabátar greiði gjald þetta eigi fyrir fleiri en 10 sólarhringa á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði ekkert bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og flóabátum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 324.00 af hverri brúttórúmllest.

Öll skip, sem leggja að bryggjum í eigu annarra en hafnarsjóðs skulu greiða hálf gjaldgjöld til hafnarsjóðs.

Hafnsögugjald.**5. gr.**

Hvert það skip, sem fær hafnsögumann til leiðsögu inn á höfnina eða frá henni, um höfnina eða minni hafnarmannvirkja, skal greiða hafnsögugjald.

6. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 1200.00 fyrir hvert skip, auk kr. 3.00 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
- c. Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 250.00 í hafnsögusjóð.

Vörugjöld.**7. gr.**

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

8. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar en Akureyrar, eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir, vegna skemmda á skipi.

Ekkert vörugjald greiðist af vörum fluttum að og frá Akureyri með pósthátum Drang, frá og að höfnum á Norðurlandi.

9. gr.

Af vörum, sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands, greiðist hálf vörugjald.

Heimilt er hafnarstjórn að veita magnafslátt allt að 40%. Semja skal um slíkan afslátt hverju sinni.

10. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Innlend nýmjólk, sem flyst til hafnarinnar.
- b) Umbúðir, sem endursendar eru.
- c) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- d) Bréfapóstur og farangur ferðamanna.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd, með umbúðum, og af hverri sendingu sérstaklega. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir skipið kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

12. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðast eins og þar segir.

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 110.00/tonn:

Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi, t. d. bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, sement.

2. fl.: Gjald kr. 230.00/tonn:

Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, iðnaðar- og byggingavörur, þökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir.

3. fl.: Gjald kr. 640.00/tonn:

- a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara, fatnaður.
- b. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.
- c. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

4. fl.: Gjald kr. 64.00/rúmmetra:

Vörur flokkaðar eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 1%:

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra

skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 50.00.

Um ýmis gjöld til hafnarinnar.

13. gr.

Fyrir að leggja vöru á land hafnarinnar, skal greiða kr. 2.00 fyrir hvern fermetra, sem varan þekur, sé hún ekki flutt burtu innan tveggja sólarhringa. Gjald þetta reiknast fyrir hvern sólarhring. Sama gjald skal greiða fyrir tæki og áhöld hvers konar, sem einstaklingar eiga og láta eða vilja láta standa á landi hafnarinnar. Gjald fyrir slík tæki, sem og mikið vörumagn, má ákveða með samningi við hafnarnefnd.

14. gr.

- a) Fyrir lóðir og land hafnarinnar, geymsluhús og verbúðir, sem leigt er einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða leigugjald, sem ákveðið verður með samningi.
- b) Fyrir notkun á hafnsögubát hafnarinnar, krönum og öðrum tækjum hennar, svo og fyrir móttöku skipa, bindingu og losun og aðra útselda vinnu, símaafnot og rafmagn skal greiða gjald, er hafnarstjóri ákveður.

II. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

15. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda, og skal greiða gjöldin í skrifstofu hafnarinnar.

16. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra, sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskirteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skipinu, uns gjöldin eru greidd. Töf og tjón, sem af þessu hlýst, er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti, sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum, skal greiða þau, áður en skip fer burt úr höfninni, og enginn skipstjóri getur vænst þess, að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra, að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

17. gr.

Vörugjald og leigu fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar, samkvæmt 13. gr., greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, og sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og af-

greiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar, uns gjaldið er greitt. Hafnar-sjóður hefur haldsrétt í vörum til tryggingar gjaldinu.

18. gr.

Leigu af lóðum og húsum hafnarinnar, samkvæmt 14. gr., greiðir leigutaki, og gjald fyrir að nota áhöld og tæki hafnarinnar og aðra veitta þjónustu, samkvæmt 14. gr., greiðir aðnjótandi.

19. gr.

Leyfisgjöld fyrir bryggjur og önnur mannvirki, sem gerð eru á hafnarsvæðinu, skulu renna í hafnarsjóð.

20. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangs-rétt, sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b., tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir sammings-veðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald, vatnsgjald, hafnsögugjald, fjörugjald, gjald fyrir hafnsögubáta og önnur tæki og aðra aðstoð, sem framkvæmd er af hafn-arinnar hálfu fyrir skipið.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, stað-festist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akur-eyrar nr. 49 5. mars 1973.

Samgönguráðuneytið, 4. mars 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma verslana í Kópavogi.

1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana í Kópavogi, þ. á m. söluturna og til brauð- og mjólkurbúða.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir, bifreiðastöðvar og bensínafgreiðslur. Ekki ná ákvæðin heldur til sjálfsala, blaðsölu á götum, merkja-sölu og annars slíks.

Ef ágreiningur ris um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar bæjarstjórn það, að fenginni unsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, skal vera sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykktinni.

Virka daga skal heimilt að opna sölustaði kl. 8.00 og loka skal þeim eigi síðar en kl. 18.00.